



## Fundargerð

**Svæðisráð austursvæðis - 91. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á skrifstofu í Fellabæ, 21. febrúar 2019, kl. 15:30.**

### Fundinn sátu:

Eyrún Arnardóttir formaður, Sigrún Blöndal varaformaður, Jóhann F. Þórhallsson svæðisráðsfulltrúi, Þórhallur Þorsteinsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Einar Kr Haraldsson fulltrúi útivistarféлага, Steingrímur Karlsson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

**Fundargerð ritaði:** Ragna Fanney Jóhannsdóttir, Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

### 1. Stjórnunar og verndaráætlun Krepputunga og Kverkárrani - 1902008

*Þjóðgarðsvörður fór yfir ferlið frá því að Krepputunga og Kverkárrani urðu hluti af þjóðgarðinum. Svæðisráð vann tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Samráð var haft við hagsmunaaðila við gerð hennar.*

*Umræða um hvort ætti að bæta inn þjónustusvæði í Kverkhjúkaskarði fyrir landvarðaaðstöðu.*

*Vorakstur ræddur. Fundarmenn sammála um að það þyrfti að taka upp umræðu um hann þegar heildar áætlunin verður endurskoðuð.*

*Svæðisráð samþykkir skjalið eins og það er.*

### 2. Austursvæði - vegslóðar - 1811001

*Þjóðgarðsvörður fór yfir slóðasamráð og minnisblað sem var lagt fram fyrir fund. Í kjölfarið fór Þórhallur yfir myndir af slóðum og ástand þeirra.*

*Svæðisráð ætlar að fara betur yfir slóða og vegamál m.t.t. veghalds, viðhaldsþarfar og mun stefna að því að forgangsraða þeim framkvæmdum sem fara þarf í.*

*Formaður lagði fram skjal með yfirliti yfir slóða í þjóðgarðinum og óskar eftir að svæðisráðsmenn fari yfir skjalið og komi með athugasemdir.*

*Svæðisráð fór yfir mikilvægi þess að farið sé yfir veghald og mörkuð sér stefna um efnistökuástandi í þjóðgarðinum.*

### 3. Öryggismál austursvæði - 1902010

*Þórhallur lýsti yfir áhyggjum sínum af öryggismálum í Kverkfjöllum enda hefur Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðafélag Húsavíkur ákveðið að hætta með dagsferðir á jökul og hefur dregið úr þjónustu, þegar að enginn starfsmaður með reynslu af jöklaleiðsögn er á staðnum þá tapast dýrmæt þekking og það tekur lengri tíma að bregðast við ef slys verður á jöklinum.*

*Þjóðgarðsvörður fer yfir hvert hlutverk þjóðgarðsins er varðandi öryggi á jökli og mun reyna að ráðstafa starfsfólki þannig að ef starfsmaður er með reynslu af jöklaferðum þá verði hann staðsettur á þessu svæði.*

*Svæðisráð harmar að Ferðafélögin hafa dregið með þessum hætti úr starfsemi sinni og vonast til að teknar verði upp að nýju reglulegar ferðir á jökul þannig að þekking á jöklinum haldist við og þar með hægt að tryggja betra öryggi.*

*Þórhallur Þorsteinsson óskaði eftir því að það yrði bókað að hann harmaði að þjóðgarðurinn lýsti ekki yfir vilja til samstarfs við ferðafélögin um reglulegar ferðir á jökulinn þar sem þær snúast fyrst og fremst um öryggismál.*

#### **4. Austursvæði Mannauðsmál - 1902011**

*Farið var lauslega yfir mannauðsmál hjá stofnuninni og ráðningar. Svæðisráð fagnar því að ráða skuli fræðslufulltrúa og mannauðstjóra en vill á sama tíma ítreka að leitast skuli við að auglýsa störf með starfstöð á nærsvæði þjóðgarðsins.*

Fundi slitið kl. 19:00.